

Föstudaginn 5. marz 1965.

Nr. 132/1964. **Ingimundur Sæmundsson**

(Tómas Árnason hrl.)

gegn

Guðmundi Á. Auðbjörnssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál. Verkkauþ.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1964. Hann krefst þess *aðallega*, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Engin efni eru til að sinna aðalkröfu áfrýjanda, sbr. 82. gr. laga nr. 85/1936 og lög nr. 46/1950.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu, kr. 8.210.90, fyrir efni og vinnu við málun íbúðarherbergja áfrýjanda í húsinu Hlíð, Eskifirði, sumarið 1963. Stefndi hóf verk þetta að beiðni áfrýjanda. En vegna ósættis við húseiganda hvarf stefndi frá verki sínu ófullgerðu án þess að gera áfrýjanda viðvart. Áfrýjandi hefur neitað greiðslu og borið það fyrir sig, að stefndi hafi annars vegar eigi lokið verki því, sem hann var ráðinn til, en hins vegar hafi stefndi málað annað og meira í íbúðinni en til var ætlað og honum falið. Af þessu efni voru að tilhlutan Hæstaréttar dómkvaddir tveir sérfróðir menn „til að meta, hvað hæfilegt sé, að greitt sé“ stefnda „fyrir vinnu og efni og þá tekið til greina, að hve miklu leyti verkið hafi komið að fullum notum, miðað við að því hafi ekki verið lokið, er

hætt var við það“. Áfrýjandi brást svo við þessu, að hann afhenti matsmönnum skrifleg mótmæli gegn matinu, sem hann taldi óframkvæmanlegt vegna málnar íbúðarinnar, eftir að stefndi vann verk sitt. Matsmenn féllust á mótmæli áfrýjanda, og varð eigi úr framkvæmd matsins. Að svo vöxnu þykir verða við það að miða, að verk stefnda hafi nýtt áfrýjanda, sem því verður dæmt að greiða stefnda greinda fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 18. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, sem eftir atvikum og málavöxtum ákveðst samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingimundur Sæmundsson, greiði stefnda, Guðmundi Á. Auðbjörnssyni, kr. 8.210.90 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Suður-Múlasýslu 28. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., hefur stefnandi, Guðmundur Á. Auðbjörnsson málarameisteri, Eskifirði, höfðað fyrir aukadóminum með stefnu, birtri þann 18. marz 1964, gegn stefnda, Ingimundi Sæmundssyni vélsmið, Hlíð, Eskifirði, til greiðslu skuldar fyrir málningarvinnu og efni, að fjárhæð kr. 8.210.90, ásamt 9% ársvöxtum frá 30. júní 1963 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst í fyrsta lagi frávísunar málsins vegna rangrar sáttameðferðar og til vara sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi mótmælir aðild að málinu í einu herbergi íbúðarinnar. Og loks síðan í rekstri málsins krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Skal fyrst fjallað um frávísunarkröfu stefnda, sem fram kemur í öðru þinghaldi í málinu eftir framlagningu greinargerðar stefnda og eftir að búið er að leiða tvö vitni í málinu. E.t.v. má finna að því, að krafa þessi var ekki úrskurðuð eða dæmd

fyrir, en verjandi lýsti því yfir aðspurður við þingfestingu, að útilokað væri, að sátt kæmist á í málinu, hvort heldur væri fyrir dómi eða sáttanefnd.

Síðar í málinu staðfesti sækjandi þann skilning sinn á þessu atriði, að yfirlýsing stefnda fyrir dóminum við þingfestingu jafngildi samþykki fyrir því, að gengið yrði fram hjá sáttamönnum í máli þessu.

Dómari leitaði sátta í málinu.

Með því að ljóst var við þingfestingu máls af yfirlýsingu stefnda, að sátt fyrir sáttamönnum var útilokuð og að meginhluti stefnukröfunnar er fyrir andvirði vinnu, en slíkar kröfur sæta sáttatilraun dómara, telur dómurinn ekki hægt að taka frávisunarkröfuna til greina, enda krafan fram komin síðar en skyldi og gagnstæð yfirlýsingu stefnda sjálfs við þingfestingu.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt greinargerð stefnanda og í samræmi við vitnisburði og málflutning stefnda biður Magnús Bjarnason, fulltrúi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h/f, stefnanda í júnímánuði 1963 um að mála fyrir stefnda herbergi í íbúð, sem stefndi fái á leigu í húsi Leifs Helgasonar, Hlíð á Eskifirði. Aðiljum ber saman um, að um hafi verið að ræða 2 herbergi, en síðan því þriðja bætt við. Um að stefnandi málaði ofn og kringum hurð og glugga í fjórða herberginu ber ekki saman.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið um það beðinn. Stefndi hinu gagnstæða. Vætti vitna hafa ekki skýrt þetta til fulls, en með því að gífurlegt annríki var hjá stefnanda um þessar mundir, sem alkunnugt var á staðnum, svo að hann sá varla út yfir það, verður að telja ósennilegt, að hann hafi farið að auka verk sitt fyrir stefnda óbeðið eða jafnvel í óþökk hans. Verður því að taka ummæli hans í þessu efni trúanleg, enda þessi hluti verksins einnig óverulegur í samanburði við verk-ið allt.

Áður en verkinu lauk, en þá hafði þetta verið framkvæmt: 4 gluggar málaðir undir lökkun, 4 hurðarkarmar sömuleiðis, 4 miðstöðvarofnar ryðhreinsaðir og bronzaðir, 2 loft yfirmáluð tvisvar, 1 loft yfirmálað einu sinni, veggir í 2 herbergjum yfirmálaðar 3var, í einu tvisvar og einu einu sinni, þurfti stefnandi að hverfa frá verkinu til að mála sildarstokka hjá sildarsöltunarstöð Jóns Kjartanssonar h/f, en Magnús Bjarnason, sem kom viðskiptum aðilja á, er einnig tengdur því fyrirtæki.

Þegar þetta hlé hafði staðið í 2 daga, kom eigandi hússins

Hlíðar, Leifur Helgason, að máli við stefnanda og viðhafði ókvæðisorð við hann og sagði honum að hypja sig burt úr húsi sínu, ef hann ekki lyki verkinu strax, enda hefði hann eyðilaggt nóg fyrir sér. Þetta atriði er í samræmi við vætti Bjarna Kristjánssonar og viðurkennt af Leifi Helgasyni að öðru leyti en því, að hann telur sig ekki hafa rekið stefnanda burtu. Í framhaldi af þessu varð árekstur milli Leifs og stefnanda í íbúðinni, sem málað var í, og var framkoma Leifs þar ógnandi og ósæmileg gagnvart stefnanda. Hefur Leifur viðurkennt það, en telur sig hafa komið þangað á eftir stefnanda, en ekki á undan, eins og stefnandi heldur fram.

Auk vitnisins Bjarna Kristjánssonar minntist vitnið Guðni Magnús Sveinsson orðaskipta Leifs Helgasonar og stefnanda og óviðurkvæmilegra orðatiltækja Leifs.

Af stefnda hálfu er í málflutningi talið, að árekstrar húseiganda og sækjanda hafi aldrei verið ágreiningsatriði.

Af framansögðu er ljóst, að stefnandi hafði nægar ástæður til þess að hætta við verk sitt á þessu stigi, sem það var þarna.

Varðandi það atriði, að stefnandi málaði loft einu sinni og lagaði málningu á veggjum í þessu fjórða herbergi, hefur hann gefið þá skýringu frá fagmannssjónarmiði, að útilokað sé að ganga ekki svo frá, er hurðarkarmar, gluggaumbúnaður og ofn séu máluð og bronzuð; það rjúki ryk bæði við undirbúning bronzunar á ofni og málunar hinna hlutanna.

Að áskorun stefnda skoðaði dómari þetta fjórða herbergi. Varð ekki séð, að nein eyðilegging hefði átt sér stað þar, en frágangi eftir málun lofts var ekki lokið, þ. e. ekki búið að rétta litaskilin milli veggja og lofts. Dómari getur þessa út frá sínu leikmannssjónarmiði, en hvorugur aðili óskaði mats né skoðunar á verkinu, enda þótt þeim væri á hugsanlega nauðsyn þess bent.

Ekki hefur verið með neinum rökum mótmælt fjárhæð hinnar umstefndu kröfu.

Með vætti Magnúsar Bjarnasonar er ljóst, að viðskipti tókust með aðiljum málsins, og var stefnanda því rétt að krefja inn eign sína hjá stefnda. Með sama vætti er sannað, að stefnandi krafði stefnda um hana fyrir milligöngu nefnds Magnúsar, sem hafði milligöngu um, að viðskiptin tókust. Þegar hann fékk ekki kröfu sína greidda, var honum nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Ekki er ástæða til að rekja málflutning aðilja, sem var skrif-

legur vegna þess, að báðir aðiljar og umboðsmaður stefnda eru ólöglærð, frekar en fléttazt hefur inn í atvikalýsingu hér að framan.

Af framansögðu telur dómurinn rétt að taka aðalstefnukröfu stefnanda til greina.

Vextir eru rétt ákveðnir 8% p.a., og eftir atvikum þykir rétt að telja þá frá stefnubirtingardegi þann 18. marz 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Ingimundur Sæmundsson, Hlíð, Eskifirði, greiði stefnanda, Guðmundi Á. Auðbjörnssyni, Eskifirði, kr. 8.210.90 með 8% ársvöxtum frá 18. marz 1964 að telja til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. marz 1965.

Nr. 149/1963. **Ragnheiður Helgadóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Óskari Breiðfjörð Jónssyni og gagnsök

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1963 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 374.800.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt